

Reykjavík, 23. júní 2020.

Til menningar- íþróttá og tómsundarráðs,

Íbúaráð Vesturbæjar fékk umsókn um styrk til að meta þörf á aðstöðu til íþróttaiðkunar og heilsueflandi hreyfingar innan hverfisins (sjá viðhengi).

Þar sem stjórn íbúaráðsins sér mikla þörf á slíkri rannsókn í hverfinu en styrkurinn vekur á sama tíma upp margar spurninga þá hefur stjórn ráðsins ákveðið að leita eftir umsögn MÍT. Styrkurinn er ansi hár fyrir hverfissjóð og spurning hvort hann nægi til verkefnisins sem er mjög metnaðarfullt.

Ráðið telur að nauðsynlegt að umsækjandi vinni verkefnið í samvinnu við íþróttá- og tómsundasviðs og því er nauðsynlegt að fá yfirlýsingu frá MÍT um hvort ráðið vilji fara í þetta samstarf og vinna að þróun verkefnisins.

Hefur MÍT möguleika á því að láta gera svona úttekt innan íþróttá- og tómsundasviðs?

Telur MÍT það áhugaverðan kost að Hverfissjóður styrki að hluta eða að fullu rannsókn af þessu tagi?

Virðingarfyllt,

Birgir Þröstur Jóhannsson, f.h íbúaráðs Vesturbæjar